

Borgarstjórn Reykjavíkur
4. október 2016

Ályktunartillaga borgarstjórnar um áskorun til stjórnvalda um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Borgarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að lögfesta NPA, tryggja sveitarfélögum nægilegt fjármagn til að stuðla að fullnægjandi þjónustu og setja leiðbeinandi reglur um þjónustuna með jafnræði að markmiði. Hér er um að ræða þjónustu sem er fötluðu fólki ákaflega mikilvæg og byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf. Staðið hefur til síðan í lok árs 2014 að lögfesta NPA í kjölfar tilraunaverkefnis sem hófst árið 2011. Framlenging tilraunaverkefnissins rennur út um áramótin og ljóst að margir búa nú við óvissu sem nauðsynlegt er að bregðast við. Þess vegna skorar borgarstjórn á Alþingi að klára málið tafarlaust.

Greinargerð

Verkefnisstjórn um notendastýrða persónulega aðstoð hefur starfað frá því í apríl 2011, mikilvægt er að verkefnastjórnin ljúki sínu verki og samningar milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun klárast sem fyrst. Það samkomulag um endurmat á flutningi á málefnum fatlaðs fólks sem samþykkt var í árslok 2015 náði því miður ekki til NPA. Mikilvægt er að ríkið gefi út leiðbeinandi reglur fyrir sveitafélög til að auka jafnræði þjónustunnar á landinu öllu.